



## Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

**Efni:** Rekstur deilda janúar til mars 2022

**Dags:** 23. maí 2022

**Málsnúmer:** 202205482/-

**Málsmeðferð:** Til umfjöllunar

**Starfsmaður:** Pétur Jens Lockton, fjármálastjóri

---

Meðfylgjandi er rekstraryfirlit málaflokka og deilda A og B hluta í janúar til mars 2021. Að lokinni umfjöllun í bæjarráði verður yfirlitið gert almenningi aðgengilegt á síðunni: <http://www.mosfellsbaer.is/stjornkerfi/fjarmal/rekstaryfirlit/> í samræmi við markmið um birtingu fjárhagsupplýsinga úr bókhaldi bæjarins.

Tekjur námu 4.362 m.kr., gjöld 4.305 m.kr. og er rekstrarniðurstaða tímabilsins án fjármagnsliða því jákvæð um 57 m.kr. Fjármagnsliðir, söluhagnaður og millifærslur nema 354 m.kr. og er rekstrarniðurstaða tímabilsins því neikvæð um 297 m.kr. Rekstrarniðurstaða tímabilsins er 140 m.kr. lakari en gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun tímabilsins.

Skatttekjur, framlög Jöfnunarsjóðs, tekjur stofnana og annar rekstrarkostnaður er að mestu í samræmi við áætlun. Rekstrartekjur eru 44 m.kr. hærri en áætlað sem skýrist aðallega af hærri skatttekjum. Fjármagnskostnaður er meiri en áætlað sem skýrist aðallega af því af meiri verðbólgu en gert var ráð fyrir og er kostnaður vegna verðbóta 171 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir á tímabilinu. Launakostnaður stofnana er 68 m.kr. hærri en áætlað sem er aðallega vegna afleiðinga heimsfaraldursins. Fjöldi stöðugilda er í samræmi við það sem lagt var upp með í fjárhagsáætlun. Nánari upplýsingar um rekstraryfirlitið verða veittar á fundi bæjarráðs.

Virðingarfyllst,

Pétur Jens Lockton,  
fjármálastjóri